

Kirkjuþing 2016
18. mál – þskj. 18

T I L L A G A

til þingsályktunar um líknarsjóði sókna
(Lagt fyrir 54. kirkjuþing 2016)

Flutt af Hreini Hákonarsyni
Frsm. Hreinn Hákonarson

Kirkjuþing 2016 ályktar að kjósa nefnd þriggja manna, þar af a.m.k. einn úr röðum kirkjuþingsmanna, til að kanna málefni líknarsjóða sókna og gera tillögur að starfsreglum um starfsemi þeirra svo og annað ef þurfa þykir er. Tillögur verði lagðar fyrir kirkjuþing 2017, en ella skýrsla nefndarinnar um málefnið, telji hún ekki þörf breytinga.

Athugasemdir með tillögu þessari.

Kunnugt er að starfræktir hafa verið líknarsjóðir á vegum ýmissa sókna einkum til að veita einstaklingum og fjölskyldum í fjárhagsvanda aðstoð. Fé getur komið til sjóðanna í formi gjafa eða framlaga, jafnvel áheita. Stundum hefur verið safnað fé til tiltekinna einstaklinga eða verkefna. Mikilvægt er að tryggja áfram að möguleikar kirkjunnar á að njóta þeirrar velvildar og trausts sem í því felst að geta tekið við fé til ráðstöfunar til líknarmála séu til staðar. Hugsanlega er unnt að skipa málum með öðrum hætti í ljósi breyttra aðstæðna og tækniframfara. Þjóðirrkjan hefur starfrækt Hjálparstarf kirkjunnar í vel á fimmta áratug. Þar er samankomin mikil fagþekking og reynsla hvað varðar fjárhagsaðstoð til einstaklinga og skyld atriði. Umsýsla með líknarsjóði og veiting fjárstyrkja úr þeim er um margt vandasant verkefni. Yfir allan vafa verður að vera hafið að fjárvarsla sjóðanna sé trygg, að málsmeðferð vegna umsókna sé eðlileg og málefnaleg og að sérstaklega sé gætt að persónuvernd við alla umsýsluna. Flutningsmaður telur algengast að sóknarprestur og prestar annist um úthlutanir úr líknarsjóðum en það þarf þó ekki að vera algilt. Kemur þar m.a. til þekking presta á aðstæðum þeirra sem kunna að þurfa aðstoð. Mikil ábyrgð fylgir þeirri umsýslu og í strangasta skilningi er það ekki á verksviði presta að annast um slíkt.

Í ljósi síaukinna krafna til opinberrar stjórnsýslu, meðferðar fjármuna og persónuverndar telur flutningsmaður rétt að leggja til að kirkjuþing taki frumkvæði að því að búa því líknarstarfi sem fram fer innan sókna með framangreindum hætti sem tryggilegastan grundvöll.

Kostnaðarumsögn:

18. mál Fylgiskjal með tillögu til þingsályktunar um líknarsjóði sókna

KOSTNAÐARÁÆTLUN FYRIR EITT ÁR.

I. Launakostnaður:

Forsendur:

Miðað er við þriggja manna nefnd sem starfar milli kirkjuþinga 2016 og 2017. Gert er ráð

fyrir allt að 10 fundum í allt að 3 klst. í senn. Nefndarmenn fá greidda þóknun samkvæmt gjaldskrá þóknana nefndar kirkjunnar.

Miðað er við að almenn vinna nefndarmanna utan funda verði allt að 60 klst.

Greiðsla fyrir hvern fund allt að 3 klst kr. 9.145 á nefndarmann en kr. 13.706 fyrir formann.

Tíu fundir: formaður kr. 13.706 og tveir nefndarmenn x 9.145 = **31.996**, hver fundur.

Tíu fundir samtals kr. **319.960.**

Almenn vinna milli funda: Kr. 3.048 á klst. x 60 klst. kr. **182.880.**

Samtals **502.840**

II. Ferðakostnaður:

Erfitt er að meta ferðakostnað þar sem ekki liggur fyrir hverjir verða kosnir í nefndina ef tillagan verður samþykkt. Er því miðað við að ferðakostnaður verði kr. 150.000, en með þeim fyrirvara að hann getur breyst til lækkunar eða hækkunar eftir því hver verður skipaður í nefndina.

Ferðakostnaður kr. 150.000.